

Alþingi
Erindi nr. P 141/1873
komudagur 4.3.2013

4. mars 2013

Frá: mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Til: Alsherjar- og menntamálanefndar

Efni: Viðbrögð við athugasemdum Bændasamtaka Íslands við frumvarp um breytingu á lögum um opinbera háskóla skv. bréfi dags. 10.12. 2012.

Athugasemd 1. *Gert er ráð fyrir að lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 falli brott. Ekki er gert ráð fyrir neinu formlegu utanumhaldi um búfræði og garðyrkjunám. Ráðherra er veitt heimild til Landbúnaðarháskóla Íslands gera samning um nám á framhaldsskólastigi. Ákvæðið fer gegn ályktun búnaðarþings 2011. Þar er m.a. skorað á mennta- og menningarmálaráðherra að tryggja að starfsmenntanám verði eitt af lykilverkefnum skólans.*

Svar: Skv. lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006 er Landbúnaðarháskóli Íslands viðurkenndur á tveimur fræðasviðum og undirflokkum þess, þ.e.a.s. á sviði búvísinda og náttúruvísinda. Undirflokkar þess eru: búfræði, hestafræði, náttúru- og umhverfisvísindi, skógfræði, landgræðslufræði og umhverfisskipulagi. Innan þessara sviða hefur skólinn fullt frelsi til að þróa áfram námskipulag og námsframboð. Þannig er fræðasvið skólans skilgreint á sambærilegan hátt og á við um aðra háskóla. LBHÍ hefur þegar fengið framangreindar viðurkenningar.

Á árinu 2012 gekk mennta- og menningarmálaráðuneytið frá sérstökum samningum við alla háskóla landsins um kennslu og rannsóknir þeirra árin 2012 – 2016, ásamt sérstökum viðauka sem lýsir starfsemi skólanna, markmiðum þeirra og stefnu. Slík samningsgerð er lagaskylda skv. lögum um háskóla.

Í samningi Landbúnaðarháskóla Íslands fjallar í grein 2.1. um þjónustu og verkefni skólans. Þar segir „Háskólinn veiti nemendum og kennurum nauðsynlega þjónustu og aðbúnað sem almennt tíðkast vegna náms í auðlinda- og búvísindum og náttúruvísindum, meðal annars á námsbrautum í landbúnaðar, landnýtingar, náttúrufræða og auðlinda- og umhverfisfræða. **Háskólinn rekur starfsmenntanám á framhaldsskólastigi á sviði garðyrkju og búfræði sem einnig nýtist sem aðfaranám inn á háskólabrautirnar. Um það nám skal gert sérstakt samkomulag¹⁾.** Skrá yfir prófgráður háskólans er í viðauka við samning þennan.“ Í neðanmálgrein sem vísað er til segir „**Samningsgerð um framboð og fjármögnun náms á framhaldsskólastigi skal lokið fyrir árslok 2012.**“

Það er því fjarri lagi að halda því fram að áform séu uppi um að draga úr eða skerða námsframboð skólans á sviðum framhaldsfræðslu / starfsmenntabrauta hans. Það hefur í langan tíma verið markmið að færa starfsmenntanám skólans t.d. í búfræði og garðyrkju nær skipulagi framhaldsskóla m.a. til að tryggja mat á námi og tengsl þess við hinn almenna framhaldsskóla. Nú er að hefjast vinna við útfærslu samningsákvæðis um starfsmenntanám skólans og er sjálfsagt að halda Bændasamtökum Íslands upplýstum um gang þess og kalla samtökin til samráðs eftir því sem ástæða er til. Líkur eru á að þegar starfsmenntanámið verður fellt undir löggjöf um framhaldsskóla þá verði

um aukna fjármögnun þess að ræða á grundvelli reiknilíkans framhaldsskóla. Það eru vel þekktar fyrirmyndir, m.a. frá Norðurlöndum, um að háskólar reki starfsmenntabrautir með líkum hætti og hér er boðað gagnvart Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í samningsgrein 2.2 er fjallað um að Landbúnaðarháskóli Íslands vinni að vísindarannsóknum, þróunarstörfum, öflun og miðlun þekkingar á framangreindum fræðasviðum með áherslu á nýsköpun og **öflug tengsl við atvinnulíf**. Hér er fjallað um öflug tengsl við atvinnulífið og mikilvægi góðra tengsla við Bændasamtök Íslands, búgreinafélög, önnur fagfélög landbúnaðarins, fyrirtæki bænda og einstaka bændur eru skólanum afar mikilvæg. Landbúnaðarháskóli Íslands og ráðuneytið hyggjast m.a. halda ráðstefnu um hvernig efla megi tengsl skólans og atvinnugreinarinnar með eflingu námsframboðs, rannsókna og ekki síst nýsköpunar innan fagsviða skólans.

Athugasemd 2. *Í III. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella á brott Rannsóknarsvið Lbhí en rannsóknarsvið var ein af stefnuáherslum Bændasamtaka Íslands við sameiningu skólans árið 2005, til að tryggja áframhaldandi starf RALA, ef svo mætti orða. Sviðið hefur undanfarin ár ekki verið sýnilega virkt innan Lbhí, þar sem skólinn starfar í raun eftir annari sviðaskiptingu, en hugsunin var á sínum tíma. Brottfall ákvæðisins gerir hins vegar atvinnugreininni erfiðara að hafa aðhald á skólann á sviði rannsókna. Það er hins vegar megin sjónarmið stjórnenda Lbhí að ekki megi veita slíkt aðhald til akademískrar stofnunnar. Jafnframt er lagt til að samningur sá sem atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið hefur gert við skólann um fjárveitingar falli niður og fjárframlagið sameinað fjárveitingu á grundvelli samnings ráðherra menntamála. Þessar breytingar útiloka nánast aðkomu atvinnuvegarins að mótun starfs innan skólans.*

Svar: Innan Landbúnaðarháskóla Íslands hefur ekki verið til fjölda ára verið starfrækt sérstakt rannsóknarsvið heldur hafa rannsóknir skólans farið fram þvert á fræðasvið hans. Það er því löngu liðin tíð að tala um sérstakt rannsóknarsvið innan skólans enda hefur skólinn þróast hratt undanfarin 10 ár. Það er mikilvægt vegna stöðu fræðasviða og mikilvægis Landbúnaðarháskóla Íslands að góð tengsl séu bæði við ráðuneyti sem tengjast fræðasviðum hans og atvinnulíf. Hér er sérstaklega átt við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og hagsmunasamtök eins og Bændasamtök Íslands. Við reglubundna endurskoðun á viðauka samningsins sem fram fer á tveimur fundum á ári er meðal annars fjallað um stefnu, markmið og viðfangsefni skólans. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gert ráð fyrir að fulltrúar ofangreindra ráðuneyta og hagsmunaðila verði kallaðir til þegar fjallað er um stefnumótun, viðfangsefni og tengsl skólanna við atvinnulíf á samráðsfundum skólans og ráðuneytisins. Það fyrirkomulag á samráði tryggir víða aðkomu hagsmunaðila að stefnumótun skólans með mun formlegri og beinni hætti en verið hefur. Það er því ekki rétt að brottfall lagaákvæðis um rannsóknarsvið skólans komi í veg fyrir samráð eða aðhald eins og Bændasamtök Íslands kjósa nefna það. Þvert á móti þá hefur upplegg mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið að færa lagasetningu og breytingar á tengdum lögum að því m.a. að færa lagatexta að raunverulegu skipulagi skólans og að samskipti við önnur ráðuneyti og hagsmunaðila um starf skólans verði skilvirkara og gagnsærra.

Með því að færa Landbúnaðarháskólann undir lög um opinbera háskóla virkjast II Kafli um stjórnslu og stjórnskipulag skólans þar sem skilgreindar eru skipulagseiningar opinberra háskóla. Skólinn þarf að skoða skipulag starfsemi sinnar út frá þessum ákvæðum.

Athugasemd 3. Bændasamtökin telja að með frumvarpinu sé búnaðar- og garðyrkjunám í landinu sett í uppnám en það samræmist alls ekki stefnu Bændasamtakanna. Ganga verði með miklu betri hætti frá lagalegu fyrirkomulagi starfsmenntamála. Með brottfalli samnings um rannsóknir við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sé endanlega klippt á formleg tengsl atvinnuvegarins við skólana. Fyrir hagsmuni bænda sé verið að rjúfa megin styrkleika í samstarfi skólans og landbúnaðarins, þ.e. samstarf um áherslur í landbúnaðarrannsóknunum. Þá verði afnumin tengsl í gegnum háskólaráð. Eftir breytingarnar verði ekkert nema sagan sem tengi háskólana á Hólum og Hvanneyri við landbúnað.

Svar: Með breytingum á lögum um opinbera háskóla, samningi um kennslu og rannsóknir Landbúnaðarháskóla Íslands 2012-2016 ásamt viðauka er verið að tryggja stöðu starfsmennta- námsins til framtíðar og styrkja tengsl þess við hinn almenna framhaldsskóla og því lagaumhverfi sem við á. Gert er ráð fyrir að samningur um starfsmenntanámið liggi fyrir um mitt ár 2013. Það er meira en líklegt að Bændasamtök Íslands verði boðuð til samráðs í því samhengi ef áhugi er fyrir hendi. Það að það sé ekkert nema sagan sem tengi landbúnaðarskólanna við landbúnað er vitanlega fullyrðing sem ekki á við.

Athugasemd 4. Það er mat Bændasamtakanna að finna þurfi formlegan vettvang í nýjum lögum um tengingar landbúnaðar við háskólana. Það skal þó bent á að í frumvarpinu er líka að finna jákvæða hluti eins og samstarf í gegnum háskólanetið, samræmt námsmat og fleira.

Svar: Þessi formlegi vettvangur um tengingar landbúnaðar við landbúnaðarskólanna er í á vettvangi samnings um kennslu og rannsóknir háskólanna sem hefur 5 ára gildistíma.

Lokaorð:

Meginmarkmið með breytingum er á lögum um opinbera háskóla er að samræma lagaumhverfi skólans þannig að allri opinberir háskólar verði jafnsettir gagnvart lögunum og búi við sama lagaumhverfi. Áður fyrr voru sérstök lög Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri en þau lög voru felld niður á sínum tíma þegar lög um opinbera háskóla voru samþykkt.

Unnið af starfsfólki vísinda- og háskólaskrifstofu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.